

Í framangreindum verðum er innifalinn 20% söluskattur, nema í kafla 2, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur. Á 1. kafla gjaldskrárinnar er einnig lagt 13% verðjöfnunargjald.

Hækki innkaupsverð á raforku er hitaveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun, þó aðeins að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestis hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi sbr. augl. nr. 67 11. apríl 1975, og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 29. maí 1975.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins og er myndaður samkv. 37. gr. laga nr. 31, 1973.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og 4 menn, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands kýs, einn úr hverjum landsfjórðungi, og skulu þeir kosnir er nýkjörið Búnaðarþing kemur saman.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þær, sem kveðið er á um í 37. gr. laga nr. 31, 1973. Eru þær 20% af söluverði ógeltra hesta til útflutnings og 10% af verði útfluttra hryssna. Útflytjendur hrossa skulu standa skil á þessu gjaldi til Búnaðarfélags Íslands eigi síðar en þrem mánuðum eftir að hrossin eru flutt úr landi.

4. gr.

A. Að styrkja hrossaræktarsambönd, stofnræktarfélag og stofnræktarþú til kaupa á kynbótahrossum.

1. Styrkja kaup á kynbótahestum, sem hlotið hafa I. og II. verðlaun, og öðrum álitlegum stóðhestum, sem yrðu að öðrum kosti fluttir úr landi. Styrkfjárhæð má nema 30 til 50% af kaupverði.

2. Styrkja kaup á efnilegum ungum stóðhestum. Styrkfjárhæð má nema 20 til 40% af kaupverði.

3. Styrkja kaup á kynbótahryssum, er hlotið hafa I. og II. verðlaun, sem annars yrðu fluttar úr landi. Styrkfjárhæð má nema 10 til 20% af kaupverði.

B. Að lána hrossaræktarsamböndum, stofnræktarfélagum og stofnræktarþúum til kaupa á kynbótahrossum.

1. Veita lán til kaupa á ættbókarfærðum stóðhestum, sem annars yrðu fluttir úr landi. Miðað skal við, að styrkur og lánsfjárhæð geti numið allt að 80% af kaupverði.

2. Veita lán til kaupa á ungum stóðhestum. Miða skal við, að lánsfjárhæð og styrkur geti numið allt að 60% af kaupverði.
3. Veita lán til kaupa á ættbókarfærðum hryssum. Lánsupphæð skal miðuð við, að styrkur og lán geti numið allt að 50% af kaupverði.

5. gr.

Lán þessi skulu vera til 5 ára gegn veði í viðkomandi hrossi, enda sé hrossið tryggt á fullnægjandi hátt. Vextir af láninu skulu vera almennir sparisjóðsvextir.

6. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands að kaupa stóðhesta handa stóðhestastöð ríkisins, sem hrossaræktarsambönd eða hrossaræktarþú sjá sér ekki fært að kaupa, ef stjórnin telur þá dýrmæta til ræktunar innanlands, en ella yrðu þeir seldir úr landi eða vanaðir.

7. gr.

Ef fjárhagur sjóðsins yrði þröngur hafa hrossaræktarsambönd forgang fram yfir stofnræktarfélag og stofnræktarþú til styrkja og lána.

8. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Búnaðarfélags Íslands, sem lætur ávaxta það fé, sem í honum er geymt og annast félagið reikningshald hans. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Búnaðarfélags Íslands.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing:

- 1.1. Til almennrar lýsingar um kWst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald kr. 38.00 á kWst.
- 1.2. Til almennrar lýsingar um kWst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 13.60 - —
Fastgjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:
Verðslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. — 201.00 á m² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi — 66.35 - — - —